



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 17.5.2021
Tilvísun: 202105-0009

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, og lögum um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna á tímum kórónuveirufaraldurs, nr. 155/2020 (framlenging úrræða o.fl.), 775. mál. – Umsögn Alþýðusambands Íslands (ASÍ)

Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar er hluti af aðgerðarpakka stjórnvalda sem kynntur var 30. apríl sl. og af því tilefni sendi ASÍ frá sér yfirlýsingu sem finna má hér: <https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/yfirlýsing-asi-i-tengslum-vid-adgerdapakka-stjornvalda-30042021/>

Ítrekað er sérstaklega það sem þarna kemur fram um mikilvægi þess að stjórnvöld sýni úthald með aðgerðum sínum við þær aðstæður sem nú eru uppi. Sé dregið of snemma úr aðgerðum geti það orðið til þess að dýpka kreppuna og auka á skaðsemi hennar. Hvað það varðar vill ASÍ vekja athygli á nýútkominni skýrslu sérfræðingahóps verkalýðshreyfingarinnar um opinber fjármál, sjá hér: <https://www.asi.is/media/317253/skyrsla-serfraedingaahops-covid19-og-opinber-fiarmal-17052021.pdf>

Hvað varðar efni frumvarpsins þá er ASÍ sammála markmiðum þess og gerir ekki einstakar efnislegar athugasemdir en hvað varðar málefnið í víðara samhengi um úrræði stjórnvalda þá er vakin sérstök athygli á tvennu.

- Tekið er undir með þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið hjá ýmsum aðilum í æskulýðsstarfsemi að þeirra tjóni hafi ekki verið mætt nema að litlum hluta til og ef til vill hnígi sanngirnirök til þess að slík félög ætti að meðhöndla með sama hætti og íþróttafélög sbr. lög nr. 155/2020. Öll æskulýðsstarfsemi er mikilvæg, sérstaklega fyrir börn og ungmenni. Tryggja verður að tjón þeirra mikilvægu starfsemi verði ekki það mikið að áhrif efnahagsleg áhrif sem urðu til í kórónuveirufaraldrinum hamli starfseminni til lengri tíma.
- Nú þegar hlutabótaleiðin fer að líða undir lok vill ASÍ vekja athygli á stöðu einstaklinga sem hafa verið fengið greiðslur þaðan um lengri eða skemmri tíma. Umræddir einstaklingar munu að óbreyttu búa við þá stöðu að eiga skertan rétt til bæði orlofslauna sem og orlofsuppbótar sem kveðið er á um í kjarasamningum að atvinnurekendur skuli greiða þeim sem starfa hjá sér, þó í hlutfalli við starfshlutfall á sl. 12 mánuðum. Full orlofsuppbót launafólks á almennun vinnumarkaði árið 2021 er 52.000 kr.- Alþýðusamband Íslands lýsir áhyggjum sínum yfir þeim einstaklingum sem njóta að einhverju leyti skerts orlofsréttar sbr. framangreint. Viðbúið er að slíkt geti

Alþýðusamband Íslands

Settini 1 • Reykjavík

Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601

asi@asi.is • www.asi.is



haft mjög slæmar fjárhagslegar afleiðingar fyrir marga enda orlofstaka hluti af sjálfsgöðum rétti launafólks sem þarf t.a.m. að mæta leikskólalokunum og slíku. Í þessu samhengi er líka rétt að hafa hugfast mikilvægi orlofstöku fyrir bæði einstaklinga og atvinnulíf. Hvað það varðar má vísa í markmið og þau almennu sjónarmið sem búa að baki laga nr. 30/1987 um orlof. ASÍ telur mikilvægt að stjórnvöld bæti þeim einstaklingum fyrirhugaða tekjuskerðingu vegna komandi orlofstökutímabils sem sökum efnahagsþrenginga hafa gengist undir það að lækka starfshlutfall sitt í því skyni að koma til móts við fyrirtæki og atvinnulíf.

f.h. ASÍ

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Halldór Oddsson'.

Halldór Oddsson lögmaður
halldoro@asi.is / s. 8994445